

Ed.

288. Nefndarálit

[140. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 7 23. mars 1972, l. nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla l. nr. 10 22. mars 1974, II. kafla l. nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla l. nr. 20 5. maí 1976, l. nr. 32 12. maí 1977, l. nr. 63 28. des. 1977 og III. kafla l. nr. 3 17. febr. 1978, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta um stórfelldar nýjar álögur mun hafa lamandi áhrif á framkvæmdir einstaklinga og fyrirtækja, ef samþykkt verður. Það er því liður í stjórnarstefnu, sem miðar að samdrætti og atvinnuleysi á tímum hagstæðra viðskiptakjara

þjóðarinnar. Þessi stefna er réttlætt með því, að nauðsynlegt sé að veita verðbólgu „viðnám“, en er svo tviátta og fálmkennd, að verðbólgan mun æða áfram samhliða minnkandi framkvæmdum, atvinnuleysi og versnandi lífskjörum.

Forsvarsmenn atvinnuveganna hafa harðlega mótmælt þessari stefnu og varað við afleiðingum hennar, en ríkisstjórnarflokkarnir skella skollaeyrum við öllum aðvörum og lýsa því yfir, að frv. verði rekið í gegnum þingið óbreytt með atkvæðastyrk ríkisstjórnarinnar.

Síðasta viðvörðunin, sem barst nefndinni nú, breytti engu um afstöðu meiri hlutans, en það er frá samtökum fiskvinnslustöðvanna og hljóðar svo:

„Reykjavík, 21. 12. 1978.

Samband fiskvinnslustöðvanna vill hér með leyfa sér að vekja athygli yðar á þeirri erfiðu rekstrarstöðu sem fiskvinnslufyrirtæki búa við um þessar mundir.

Samkvæmt athugun sem Samband fiskvinnslustöðvanna hefur gert, mun tap fiskvinnslunnar í október s.l. ekki hafa numið 0.8% af tekjum, eins og opinber gögn greina, heldur milli 3 og 4%. Veldur hér mestu, að mati sambandsins, hversu fjármagnskostnaður hefur verið vanmetin. Með launahækkunum þeim, er urðu 1. des. s.l. jókst þetta tap upp í 5—6% af tekjum. Ef að líkum lætur mun fiskverð hækka verulega í janúar n.k., en útgjöld vegna hráefniskaupa eru um helmingur allra útgjalda greinarinnar og skiptir því miklu hvernig að fiskverðsákvörðun er staðið. Sú mikla verðhækkun sjávarafurða, sem nú hefur orðið í Bandaríkjunum, mun því vart ná að halda í horfinu eða m. ö. o., að tap fiskvinnslunnar mun áfram verða milli 5 og 6% þrátt fyrir áætlaða aukningu tekna frystingarinnar um rúm 4%. Vandí saltfisks- og skreiðarframleiðenda yrði mun meiri.

Langvarandi taprekstur fiskvinnslufyrirtækja hefur leitt til sífellt versnandi lausafjárstöðu þeirra og því er afar mikilvægt að allar ákvarðanir, er snerta hag fiskvinnslunnar, verði til að bæta hag greinarinnar en ekki öfugt.

Rétt er að taka fram, að stjórnvöld hafa nú orðið að hluta við kröfum Sambands fiskvinnslustöðvanna um niðurfellingu aðflutningsgjalda af rekstrarvörum til fiskvinnslunnar. Hins vegar hafa sömu stjórnvöld lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga þar sem gert er ráð fyrir að skattar á atvinnufyrirtæki verði stórlega auknir, sérstaklega á framleiðslufyrirtæki.

Með tilvísun til framanritaðs vill Samband fiskvinnslustöðva leyfa sér að mótmæla innihaldi tekjuöflunarfrumvarpa ríkisstjórnarinnar og væntir stuðnings yðar í því máli, þar sem gildistaka þeirra mun hindra eðlilega endurnýjun í atvinnugreininni og þar með nauðsynlega framleiðniaukningu.

Virðingarfyllt,

f. h. Sambands fiskvinnslustöðvanna.

Kjartan Jónsson.“ (sign.)

Minni hlutanum hefur verið gert það ljóst, að tilgangslaust sé að reyna að bera fram breytingartillögur, og gerir það því ekki, en leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 21. des. 1978.

Ey. Kon. Jónsson, Jón G. Sólnes.
frsm.